

# Skýrsla líffæraflutninganefndar

2000



Í nefndinni sitja Sigurður Thorlacius tryggingayfirlæknir (formaður), Kristinn Sigvaldason umsjónarlæknir gjörgæsludeildar Landspítala Fossvogi, Páll Ásmundsson yfirlæknir og Þorvaldur Jónsson skurðlæknir. Ritari nefndarinnar er Una Björk Ómarsdóttir deildarstjóri á sjúkratryggingasviði TR.

Nefndin hélt fimm fundi á árinu 2000.

### Líffæri tekin til ígræðslu árið 2000

Líffæri til ígræðslu voru í þremur tilvikum tekin á Íslandi á árinu, á Landspítala Fossvogi. Tekin voru samtals 9 líffæri (3 lifrar, 6 nýru). Tilvik sem uppfylltu skilmerki um heiladauða voru 10 (7 Landspítala Fossvogi og 3 Landspítala v/Hringbraut). Leitað var eftir leyfi fyrir líffæratöku í 6 þessara tilvika og var það veitt í 4 þeirra. Líffæri reyndust nýtanleg í 3 tilvikum.

### Utanferðir íslenskra sjúklinga vegna líffæraígræðslna (fjöldi einstaklinga)

	Ígræðslur	Eftirlit	Forrannsókn	Á biðlista í lok árs
Hjarta	0	2	0	0
Hjarta og lungu	0	2 (fjórar ferðir)	0	0
Lifur	1	0	0	0
Nýru	6*	0	0	9

\* Ein ígræðsla nánýra af biðlista á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn og 5 sjúklingar fengu ígrætt nýra frá lifandi gjafa, 4 á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn og 1 á Alfred I. duPont Hospital for Children í Wilmington, DE, USA.

### Biðlisti eftir ígræðslu nálíffæra

Árið 1997 voru 3 á biðlista eftir nýra, 5 árið 1998, 7 árið 1999 og 9 árið 2000. Biðlistinn eftir nýrum hefur þannig verið að lengjast. Á meðan samningurinn við Gautaborg var í gildi voru að jafnaði 4 á biðlista og nýrnaígræðslur voru 10 á fjórum árum. Nýrnaígræðslur úr látnum hafa hins vegar verið fjórar í Kaupmannahöfn á fjórum árum.

### **Forrannsóknir og eftirlit hér á landi**

Á árinu fór einn sjúklingur utan í eftirlit á Harefield sjúkrahúsinu í London, 10 árum eftir hjartaígræðslu og einn sjúklingur fór í eftirlit eftir hjartaígræslu á sama sjúkrahúsi vegna höfnunareinkenna og kransæðasjúkdóms (siglinganefnd samþykkir almennt að fólk fari í eftirlit á aðgerðarstað 10 árum eftir ígræðsluaðgerðina). Tveir sjúklingar fóru í eftirlit eftir hjarta- og lungnaígræslu á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg vegna höfnunareinkenna, hvor um sig tvær ferðir. Eftirlit eftir líffæraígræðslu fór að öðru leyti fram á göngudeild vegna líffæraflutninga á Landspítalanum.

Enginn sjúklingur fór utan á árinu í forrannsókn vegna fyrirhugaðrar líffæraígræðslu.

### **Kostnaður vegna líffæraígræðslna**

Heildarkostnaður TR vegna forrannsókna, eftirlits og ígræðslna sem fram fóru á árinu 2000 var kr. 47.735.415. Þar af var sjúkrakostnaður á stofnunum erlendis kr. 41.118.854, ferðakostnaður kr. 1.953.330 og upphaldsdagpeningar kr. 4.663.231.

Til samanburðar má nefna að heildarkostnaður TR vegna forrannsókna, ígræðslna og eftirlits sem fram fóru á árinu 1999 var kr. 58,5 milljónir, á árinu 1998 kr. 31,6 milljónir og á árinu 1997 kr. 49,5 milljónir.

### **Samskipti við Ríkisspítalann vegna sammingsins um líffæraflutninga**

Samningurinn við Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn gildi fram í desember 2000. Unnið var að því á árinu að kanna hvort rétt væri að semja áfram við sama aðila eða fara út í nýtt útboð. Í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið var ákveðið að forsendur þess að samið yrði áfram við Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn væru:

1. Að greiðsla kostnaðar vegna líffæratöku á sjúkrahúsum hér á landi yrði á sama grunni og í Svíþjóð.
2. Að tryggt yrði að íslenskir sjúklingar yrðu ekki kallaðir til Kaupmannahafnar í forrannsókn nema fullt samkomulag væri um það milli lækna þar og hér á landi.
3. Að skýrslur (læknabréf) bærust reglulega frá Ríkisspítalanum í kjölfar líffæraígræðslna.
4. Að staðið yrði við það ákvæði fyrri sammings að tryggingayfirlæknir yrði þegar látinn vita ef eitthvað færi úrskaiðis eftir líffæraígræðslu og að læknir sjúklingsins hér á landi yrði jafnframt látinn vita.

Sjónarmiðum okkar var komið á framfæri á fundi sem Sigurður Thorlacius, Una Björk Ómarsdóttir og Birgir Ásgeirsson áttu með Helle Ulrichsen, lækningaforstjóra Ríkisspítalans 4. apríl 2000 og í framhaldi af honum með bréfaskiptum og símtölum. Fallist var á sjónarmið okkar og kom Helle Ulrichsen til Reykjavíkur og undirritaði nýjan samning þann 7. desember 2000.

Í september 2000 komu 7 læknar og hjúkrunarfræðingur frá Ríkisspítalanum til Reykjavíkur í heimsókn á Tryggingastofnun ríkisins og Landspítalann og ræddu um

hvernig samvinnu varðandi líffæraflutninga yrði best háttað. Heimsóknin þótti mjög gagnleg og styrkti tengsl milli sjúkrahúsanna.

### **Breytingar á árinu 2000**

Samningurinn við Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn var endurnýjaður. Með nýja samningnum færðust forrannsóknir fyrir líffæraígræðslu almennt til Íslands og Ríkisspítalinn féllst á að greiða kostnað vegna líffæratöku á íslenskum sjúkrahúsum á sama hátt og gert er í Svíþjóð. Unnið var að bættum samskiptum milli Ríkisspítalans og sjúkrahúsa hér á landi. Biðlisti eftir nýrum lengdist.

Reykjavík, 21. júní 2001

Sigurður Thorlacius

Kristinn Sigvaldason

Páll Ásmundsson

Þorvaldur Jónsson

Una Björk Ómarsdóttir

Nefndin leggur til að eftirfarandi aðilum verði m.a. send þessi skýrsla:

Axel Sigurðssyni lækni, lyflækningadeild Landspítala v/Hringbraut  
Ásgeiri B. Ellertssyni yfirlækni, Grensásdeild Landspítala Fossvogi  
Ásgeiri Haraldssyni prófessor, Barnaspítala Hringsins, Landspítala v/Hringbraut  
Girish Hirlekar yfirlækni, svæfinga- og gjörgæsludeild FSA  
Gísla Sigurðssyni yfirlækni, svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala v/Hringbraut  
Gunnari Guðmundssyni lækni, lyflækningadeild Landspítala v/Hringbraut  
Hildigunni Friðjónsdóttur hjúkrunarfræðingi, göngudeild Landspítala v/Hringbraut  
Hróðmari Helgasyni lækni, Barnaspítala Hringsins, Landspítala v/Hringbraut  
Jóhannesi M. Gunnarssyni lækningaforstjóra Landspítala  
Jónasi Magnússyni prófessor, handlækningadeild Landspítala v/Hringbraut  
Karli Steinari Guðnasyni forstjóra TR  
Kristni Sigvaldasyni lækni, svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi  
Ólafi Erni Arnarsyni yfirlækni, Landspítala Fossvogi  
Páli Ásmundssyni yfirlækni, lyflækningadeild Landspítala v/Hringbraut  
Sigurði Guðmundssyni landlækni  
Sigurði Ólafssyni lækni, lyflækningadeild Landspítala Fossvogi  
Sigurði Thorlacius tryggingayfirlækni  
Unu Björk Ómarsdóttur deildarstjóra, sjúkratryggingasviði TR  
Þorvaldi Jónssyni lækni, handlækningadeild Landspítala v/Hringbraut  
Þórði Harðarsyni prófessor, lyflækningadeild Landspítala v/Hringbraut